

Stjórnarfundur no 3, 2014/2015

Ár 2014 mánudaginn 14. júlí kom stjórn og varastjórn saman til fundar í fundarherbergi félaganna á 3ju hæð Skipagötu 14. Fundurinn hófst kl. 18.30.
Úlfhildur Rögnvaldsdóttir formaður setti fundinn

1. Bréf frá formanni Orlofsbyggðarinnar Illugastöðum þar sem sagt er frá að framundan er klæðning á elstu húsum staðarins.
Ekki er tímabært að ráðast í framkvæmdir á húsum félagsins.

2. Sumarferð.

Farið verður í ferð 16. ágúst þar sem félagsmönnum stéttarfélaganna á 3ju hæð suður stendur til boða fjallaferð Akureyri- Goðafoss- Bárðardalur- Aldeyjarfoss- Sprengisandur að Kiðagilsdrögum- í Laugafell og niður í Skagafjörð

3. Þing ASÍ 22.- 24. október n.k.

Efni þingsins kynnt.

Stefnt að því að halda fund í Trúnaðarráði 23. september kl. 18.30 v/undirbúnings fyrir þingið og í framhaldi af því verði almennur félagsfundur um sama málefni.

4. Eiður Stefánsson sagði frá Genfarskólanum sem hann var í í maí- júní s.l.

Fleira ekki fundi slitið

Sign: Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, Einar Hjartarson, Eiður Stefánsson, Anna María Elíasdóttir, Sigríður Stefanía Stefánsdóttir, Jón G Rögnvaldsson, Eydís Bjarnadóttir, Kristín Þorgilsdóttir ritaði fundargerð.